

Umhverfisnefnd Alþingis
Hlín Lilja Sigfúsdóttir
nefndarritari
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. nóvember 2005
2005110012/42-1
SB/rsb

Umsögn um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 15. nóvember 2005 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, og mat á umhverfisáhrifum.

Frumvarpið miðar að því að rýmka kærurétt almennings varðandi ákvarðanir annars vegar Umhverfisstofnunar og heilbrigðisnefnda, sbr. 32. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, og hins vegar Skipulagsstofnunar, sbr. 2 og 3. mgr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Náttúrufræðistofnun er almennt fylgjandi rúmunum málskots- og kærurétti almennings og telur slíkan rétt stuðla að náttúruvernd og vera í anda Árórsarsamningisins og tilskipunar Evrópusambandsins 2003/35/EB. Í því sambandi má benda á umsögn, dags. 15. janúar 2004, um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og um breytingu á byggingar- og skipulagslögum. Þar segir:

"6. Málskotsréttur almennings til ráðherra (varðandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar) er þrengdur verulega (14. gr) og takmarkaður við þá sem „eiga sérstakra og lögvarinna hagsmuna að gæta“ í stað „allra“ áður. Einnig er aðkoma almennings að athugasemdum við matsskýrsluna sjálfa þrengd og bundin við „drög að matsskýrslu“ (sjá síðar). Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þetta brjótí í bága við Árórsarsamninginn um rétt almennings til þátttöku í ákvarðanatöku (1998) og nýja tilskipun Evrópusambandsins 2003/35/EB sem byggir á ákvæðum hans. Í 2. gr. 2003/35/EB segir m.a.: „Member States shall ensure that the public (“the public” samkvæmt tilskipuninni er lauslega þýtt: “einn eða fleiri lögráða einstaklingar, stofnanir þeirra, samtök og áhugahópar”) is given early and effective opportunities to participate in preparation and modification or review of the plans and programmes“ (inngangur að 2. mgr.) og „in making those decisions, due account shall be taken of the results of the public participation“ (2. gr. 2. mgr., liður c.). Í greinargerð með frumvarpinu, bls. 16-17, segir að forsenda breytinganna sé samræming við reglur í nágrannalöndum. Vætanlega þurfa þó nágrannalöndin að rýmka málskotsrétt til samræmis við tilskipunina á allra næstu misserum. Náttúrufræðistofnun Íslands telur þrengingu málskots- og kæruréttar almennings varðandi mat á umhverfisáhrifum og gerð skipulagsáætlana ekki vera í samræmi við alþjóðlegar skyldur og þróun á alþjóðlegum vettvangi, enda viðurkennt m.a. í Árórsarsamningnum að hlutverk almennings sé að veita stjórnvöldum nauðsynlegt aðhald við ákvarðanatöku."

Náttúrufræðistofnun mælir því með að þetta frumvarp verði að lögum.

Virðingarfyllt

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri